

Stjórnarfundur

5. mars 2007

Stjórn SSA Símafundur

Mánudag 5. mars 2007 kl. 12.30.

Stjórnarfundurinn er boðaður á Seyðisfirði en aðfararnótt fundardagsins gengur yfir Austurland norð-austan slagveður með slyddu og vind í byggð og snjókomu og vind á fjallvegum . Fjarðarheiði ófær ,Oddsskarð illfært , Hvalnesskriður og Vopnafjarðarheiði bjóða ekki upp á ferðaveður. . Eftir að form. og framkvæmdastjóri höfðu kynnt sér ástandið í bíti í morgun var boðað til símafundar stjórnar SSA á áður boðuðum fundartíma kl. 12.30. Mættir voru því hver á sínum stað í heimabyggð utan Ævar sem var fyrir staddur á Egilsstöðum.

Mættir eru. Aðalmenn : Bj. Hafþór Guðmundsson, Reynir Arnarsson, Ævar Ármannsson , Guðmundur R. Gíslason, Páll Baldursson , Guðmundur Ólafsson og Ólafur Sigurðsson . Mættir varamenn Anna Pála Víglundsdóttir og Erna Gísladóttir.

Forföll boðuðu: Ólafur Ármannsson og Guðrún Ingimundardóttir.

Gestur er mættur Hafliði Hafliðason verkefnisstjóri Þróunarfélags Austurlands.

1. Fundur settur.

Formaður setti fund og farið var yfir tildrög þess (sjá 1.m.gr.) að haldinn er símafundur.

Einnig óskaði hann afbrigða til að taka fyrir strax liði 5. og 6 og aðrir liðir færast til sem því nemur. **Samþykkt samhljóða.**

2. Samstarf SSA og ÞFA .

Mættur gestur Hafliði við liði 2 og 3 Stefán Stefánsson framkvæmdastjóri Þ.F.A. boðaði forföll.

2/1 Samstarfsamningur SSA og ÞFA frá mars 2006. Samstarfsverkefni :

Með vísan til samstarfssamningsins fóru framkvæmdastjóri og Hafliði yfir helstu samstarfsverkefni sem hafa verið í gangi á sl. starfsári. Þau eru þessi helst:

Undirbúningur Vaxtarsamnings –Undirbúningur að stofnun Þekkingarnets Austurlands-Innflyjendaverkefni SSA : Svona gerum við - Vöktunarverkefnið- Rýnihópur : Samþætt áætlanangerð á norðlægum slóðum (Spatial Planning and Development in Northern Perhery)- Ferðamálasamtök Austurlands-Námskeið og.fl.

Einnig ræddu þeir verkefni sem eru og verða munu í gangi á þessu ári.

Kynning á “Svona gerum við” á starfssvæði SSA og víðar. (sjá 3/1)

Samstarf í eftirfylgnisteymi SSA með verkefninu “Svona gerum við”(sjá 3/2)

Í Vaxtarsamningi : sorpverkefni o.fl.

Vaxtajökulsþjóðgarður málþing í samstarfi Ferðamálasamtaka Austurlands og ÞFA.

3. Svona gerum við : Leiðir að fjölmennningarlegu samfélagi á Austurlandi .

3/1 Skýrsla starfshóps SSA . (Meðfylgjandi, einnig áður send netpósti).

Framkvæmdastjóri hafði , á Þjóðahátíðinni á Fáskrúðsfirði 18. febrúar sl. f.h. verkefnisstjórnarinnar , afhent formanni SSA – félagsmálaráðherra – utanríkisráðherra – form. innflytjendaráðs og bæjarstjóra Fjarðabyggðar , fyrstu eintökin af skýrslunni. Framkvæmdastjóri upplýsti að í framhaldinu hafi hann sent út um 70 eintök af henni. .Nú er kynning á helstu áherslum framundan og hafa allmargir óskað eftir því að fá kynningar og gat hann þess að einn úr verkefnisstjórninni hafi nýlega verið á Hvolsvöllum til kynningar og óskað hefur verið eftir kynningu á Ísafirði nú í mars og víðar. Hafliði hefur ,að ósk framkvæmdastjóra, tekið saman sérstakt kynningarefni fyrir verkefnisstjórnina.

Fyrir dyrum stendur nú kynning fyrir aðildarsveitarfélögin, atvinnurekendur, stofnanir og fleiri þá aðila sem verkefninu tengjast . Byrjað verður á einum kynningarfundum á hverju þjónustusvæði (3) SSA . Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir aðstoð fulltrúa úr verkefnisstjórninni við kynninguna. Ekki liggur fyrir endanlegur kostnaður við vinnu og gerð skýrslunnar en hann mun verða eitthvað hærri en upphaflega var gert ráð fyrir m.a þar sem ákveðið var að vanda sérstaklega til við lokavinnuna (Samantekt-hönnun – textalestur - prentun og fl.). Formaður sagði að sér sýnist að vel hafi tekist til við verkefnið og þakkaði verkefnisstjórninni og öllum þeim mikla fjölda einstaklinga sem að verkefninu kom fyrir gott framlag.

3/2 Eftirfylgnisteymi SSA (skýrslan bls. 39.)

“Skýrsluhöfundar leggja til að eftirfylgnisteymi undir forystu SSA, verði sett á laggirnar og hafi m.a. það hlutverk að útvega fjármagn og ráða verkefnisstjóra. Eftirfylgnisteyminu er ætlað að fylgjast með ábyrgðaraðilum og vera þeim innanhandar varðandi þær tillögur sem lagðar eru til í skýrslunni. Þessum fyrsta

áfanga verði lokið fyrir aðalfund SSA 2008 þar sem árangursskýrsla verður kynnt”.

(tilv.lokið)

Með vísan í framanritað leggur framkvæmdastjóri til eftirfarandi tilhögun:

- A. Leitað verði eftir því að 3 stærstu aðildarsveitarfélögin leggi hvert til einn fulltrúa , atvinnurekendur leggi til einn fulltrúa , launþegahreyfingin einn fulltrúa , Rauðakross deildin á Austurlandi einn fulltrúa , innflytjendur einn fulltrúa,framhaldsskólar einn fulltrúa , Þekkingarnet Austurlands einn fulltrúa og SSA einn fulltrúa . Alls 10 einstaklingar í eftirfylgnisteymi (Skýrsla SSA : Svona gerum við . bls 39.)

Eftirfylgnisteymið velur ,úr sínum hópi, 3.ja. manna verkstjórn sem vinnur náíð með verkefnisstjóra.

- B. Með vísan í samstarfssamning SSA og ÞFA frá því mars 2006 leggur ÞFA eftirlitsteyminu til verkefnisstjóra.
- C. Teymið skili árangursskýrslu til aðalfundar SSA 2008.
- D. Tilhögun a-b-og c er háð því að fyrir liggi framkvæmdaáætlun - kostnaðaráætlun og fjáröflun verkefnisins ,sem staðfest verði af stjórn SSA .

Formaður mælti með því að tilhögun þessi verði samþykkt. **Samþykkt samhljóða.**

Þegar hér var komið þakkaði formaður Hafliða fyrir þátttöku í umræðu í liðum 2 og 3 .
Hafliði þakkaði fyrir sig og hvarf síðan frá síma.

4. Fundargerð stjórnar SSA 22. janúar 2007.

Fundargerðin yfirfarin . Form ræddi liði 2/2 og 10/1 . Fundargerðin síðan staðfest.

5. Frá Landshlutasamtökum.

5/1 Eyþing stjórn 179. fundur 9. febrúar 2007.

Fundargerðin lögð fram.

5/2 SASS stjórn 400. fundur 7. febrúar 2007.

Fundargerðin lögð fram.

6. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

6/1 Fundargerð 740. fundar stjórnar 19. janúar 2007

Liðir 5. og 6. ræddir (R.A-Æ.Á)og liður 10 (Þ.J og Bj,H.)

6/2 Námsferðir á vegum SÍ Sv. Bréf 2. febrúar 2007.

Lagt fram.,

6/3 Boðun XXI. Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Bréf 8/2 2007

Lagt fram.

6/4 Vinnuhópur um stefnumótun í málefnum innflytjenda: Bréf 14/2 2007.

Í bréfinu kemur fram að stjórn hefur samþykkt að setja á fót þriggja manna vinnuhóp til að vinna að stefnumótun Sambandsins í málefnum innflytjenda. Framkvæmdastjóri SSA er tilnefndur ásamt Elsu Arnardóttir Fjölmenningssetri og Þórhildi Línal ,
mannréttindaráðgjafa Reykjavíkurborgar.

6/5 Staða Héraðsnefnda: Bréf 14/2 2007

Form og framkvæmdastjóri fóru yfir niðurstöðu lögfræðisviðs Sambandsins varðandi lagalega stöðu Héraðsnefnda. Fyrirspurn kom (A.P.V.) sem framkvæmdastjóri svaraði.

7 Vaxtarsamningur Austurlands.

7/1 Framkvæmdaráð ,forystuhópar (klasa) og fulltrúar í stjórn.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi gögn ,nöfn fulltrúa í framkvæmdaráði (8) en formaður stjórnar og framkvæmdaráðs er Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri Höfn. Stefanía G. Kristinsdóttir er framkvæmdastjóri Vaxtarsamningsins.

Í umræðum stjórnarmanna (Bj.HG -ÆÁ-GÓ-RA) kom fram mikilvægi þess að Vaxtarsamningurinn standi undir nafni og vinnan í forystuhópunum verði skilvirk.

8. Samgönguáætlun 2007-2010.

8/1 Fundargerð Samgöngunefndar SSA 22. febrúar (SASSA) og umsögn.

Fundargerðin er jafnframt , umbeðin, umsögn SSA við tillögu að samgönguáætlun 2007-2010-2018, sem nú er til umfjöllunar í Alþingi.

Formaður þakkar nefndarfólki SASSA fyrir greinargóða umsögn.

8/2 Ályktun SAMGÖNG : rannsókn, heilborun: bréf til SSA dags. 23.02.07

ÓS fór lauslega yfir efni ályktunarinnar og sagði að fleiri slíkar hafi borist bæjarstjórn Seyðisfjarðar.Hann sagði að Seyðisfjarðarkaupstaður hafi ráðið Sigurð Gunnarsson viðskiptafræðing , í mánaðarvinnu, við að safna upplýsingum , skoða og stilla upp tillögu að verkefninu. Á fundi bæjarráða Seyðisfjarðar-Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar sem stefnt er að 19. mars nk verða niðurstöður kynntar og í framhaldinu verður ákveðið hvernig haldið verður áfram með verkefnið.

9. Fundargerð Orku og stóriðjunefndar SSA (OS.SSA) 30. janúar 2007.

Fundargerðin lögð fram.

9/2 Orkuverðið á landsbyggðinni : Bréf Þ.J. 5.febrúar 2007.

Framkvæmdastjóri fór lauslega yfir efni bréfsins sem er til Iðnaðarráðherra og Orkumálastjóra og byggir á umræðum og bókun á fundi OS.SSA 30. janúar. Sl.

Formaður þakkar nefndarfólki OS.SSA og framkvæmdastjóra fyrir .

10. Vatnajökulspjódgarður : Umsögn SSA 8. febrúar 2007.

Framkvæmdastjóri vann umsögnina í nánú samráði við form. og framkvæmdaráð SSA en hún byggir m.a. á samþykktum aðalfunda SSA 2003-2004-2005 og 2006.

Eins og fram kemur í niðurlagi liðar 2/1 hér fyrir framan hefur verið óskað eftir því að SSA aðstoði við málþing um Vatnajökulspjódgarð, sem Ferðamálasamtök Austurlands og ÞFA í

samvinnu við fleiri aðila mun halda á næstunni eða fyrir sumarið. Í umræðum stjórnar um þjóðgarðinn og málþingið (Bj.HG-RA-EG-GÓ-ÆÁ) kom fram að vanda verði til málþingsins. Hér er um mikið hagsmunamál fyrir íbúa á Austurlandi og landsmenn alla að ræða og því er nauðsynlegt að öll umræða og framkvæmd við uppbyggingu þjóðgarðsins taki mið af því en lendi ekki á “villigötum” Stjórnun þjóðgarðsins ,skipulagsmálin, vegir,nýting á verndarsvæðum og. fl. kom inn í þá umræðu.

11. Önnur erindi og bréf sem borist hafa.

11/1 Ferðamálasamtök Austurlands : Staða og framtíð ferðapjónustu á Austurl.

Fjólublá Hreindýr: Málþing Seyðisfirði 1. mars. 07.

Upplýst var (P.J-RA)að málþingið hafi verið fjölmennt og farið vel fram. Framtíð ferðapjónustunnar í landshlutanum er björt að mati framsögumanna og gesta á málþinginu.

11/2

12. Önnur mál.

Engin.

Formaður þakkaði góðan símafund og sleit honum kl. 14.15.

Sign Þorvaldur Jóhannsson.

Frestaður liður :

Í dagskrá er gert ráð fyrir því , ef tími leyfi , að fara í stutta “óvissuferð” í kaupstaðnum að loknum fundi.

Fundi lauk vel tímanlega eins og sjá má hér að framan en óvissuferðinni varð að fresta vegna aðstæðna sem veðurfarið skapaði í landshlutanum.

Óvissuferðin verður því að bíða betri tíma ,eins og formaður sagði, en hann vonast til þess að snertifundur stjórnar verði fljótlega á Seyðisfirði.

.

Prentað af vef www.ssa.is þann 29. júlí 2010 klukkan 14:27.